


Menningarmiðstöð Hornafjarðar Ársskýrsla 2017



Eyrún Helga Ævarsdóttir

Innihald

1. Menningarmálanefnd	4
2. Stefnumótun	4
3. Styrkir til menningarstarfs.....	5
4. Úthlutunarreglur	5
5. Stofnskrá	6
6. Söfnin	6
6.1 Héraðskjalasafn Austur Skaftafellssýslu.....	6
6.1.2 Starfsemi	7
6.1.3 Skjalavistunaráætlun.....	7
6.1.4 Skráning.....	7
6.1.5 Langtímavarðveisla	7
6.1.6 Næsta skref	8
6.1.7 Húsnæði og stöðugildi.....	8
6.1.8 Námskeið og fundir	8
6.1.9 Afhendingar.....	9
6.2 Svavarssafn.....	9
6.2.1 Svavarssafn.....	9
6.2.2 Safneign.....	9
6.2.3 Sýningar.....	9
6.2.4 Listasmiðjur	9
6.2.5 Tónleikar	9
6.2.6 Safngestatalning.....	9
6.2.7 Skráning Bjarni Henriksson	10
6.3 Bókasafn	10
6.3.1 Námskeið	10
6.3.2 leitir.is.....	10
6.3.3 Skráning.....	10
6.3.4 Útlán.....	10
6.3.5 Viðburðir	10
6.4 Byggðasafn	11
6.4.1 Námskeið starfsmanns.....	11
6.4.2 Sýningar.....	11
6.4.3 Gestafjöldi	11
6.4.4 Verkefni.....	12
6.4.5 Aðstaða	12

6.5 Rannsóknarsvið	14
6.5.1 Fornleifaskráning.....	14
6.5.2 Sundurliðun verkefna.....	14
7. Menningartengd verkefni	15
7.1 Samvinnuverk.....	15
7.1.1 Skaftfellingur	15
7.1.2 Barnastarf.....	15
7.1.3 Föstudagshádeggi	16
7.1.4 Höfn 120 ára.....	16
7.1.5 Aðventuhátíð sveitarfélagsins.....	16
7.1.6 Skref til framtíðar	16
8. Starfsfólk	17
8.1 Stöður.....	17
9. Húsnæði	17
9.1 Aðstaða	17
10. Rekstur	18
10.1 Styrkir ársins.....	18
10.2 Fjárhagur 2017	18
Viðauki I.....	19
Viðauki II.....	26

1. Menningarmálanefnd

Menningarmálanefnd Hornafjarðar sem er stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar var skipuð eftirfarandi fulltúum árið 2017:

Nefndarmenn:

- ☐ Kristín Guðrún Gestsdóttir formaður
- ☐ Björk Pálsdóttir varaformaður
- ☐ Magnús S. Jónasson
- ☐ Erla Rún Guðmundsdóttir
- ☐ Kristján S. Guðnason

Varamenn :

- ☐ Svava K. Guðmundsdóttir
- ☐ Karl Jóhann Guðmundsdóttir
- ☐ Hrafnhildur Magnúsdóttir
- ☐ Gunnhildur Imsland
- ☐ Sunna Dögg Guðmundsdóttir
- ☐ Sigrún B. Steinarsdóttir
- ☐ Hafdís L. Sigurðardóttir

Með stjórn Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar fer og Menningarmálanefnd Hornafjarðar. Hana skipa 5 aðalfulltrúar og jafnmargir til vara. Skipar bæjarstjórn Hornafjarðar þá alla til fjögurra ára í senn, án tilnefningar. Bæjarstjórnin tilgreinir jafnframt hver skal vera formaður nefndarinnar og hver varaformaður. Nefndin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Bæjarstjórnin setur menningarmálanefnd erindisbréf. Að jafnaði skulu haldnir fundir mánaðarlega í nefndinni og skulu þeir boðaðir öllum aðalmönnum með hæfilegum fyrirvara. Rétt til setu á nefndarfundum hefur einnig forstöðumaður Menningarmiðstöðvar og aðrir þeir sem formaður ákveður hverju sinni.

2. Stefnumótun

Menningarmálanefnd hélt 11 fundi á árinu og starfaði einnig með öðrum nefndum í samvinnuverkefnum. Menningarmálanefnd lauk við stefnumótun menningarmála sveitarfélagsins árið 2016 og gildir hún til ársins 2026 í henni er eftirfarandi er lagt til grundvallar:

- ☐ Að efla menningarstarf í sveitarfélaginu Hornafirði.
- ☐ Varðveita og rækta sérkenni, menningararf og sögu svæðisins.
- ☐ Styðja við menningartengda ferðapjónustu.
- ☐ Styðja við menningarstarfsemi einstaklinga og frjálsra félaga.
- ☐ Bjóða upp á fyrirmyndaraðstöðu varðandi geymslumál Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.
- ☐ Hlúa að þjónustuhlutverki og menningarstarfsemi Menningarmiðstöðvar.
- ☐ Hvetja til samstarfs á sviði menningarmála.
- ☐ Styðja við starfsemi listamanna í sveitarfélaginu.
- ☐ Styðja við og efla fjölmenningu innan sveitarfélagsins.
- ☐ Eiga samstarf um framkvæmd menningarstefnu við menntastofnanir sveitarfélagsins.
- ☐ Vinna áfram að samstarfi sveitarfélaga um menningarmál og að Sveitarfélagið Hornafjörður eigi áfram hlut að samningi við ráðuneyti málaflokksins og Sveitarfélaga á Suðurlandi.
- ☐ Félagsheimili sveitarfélagsins verði nýtt undir félagsaðstöðu og fjölbreytt menningarstarf.

3. Styrkir til menningarstarfs

Úthlutun styrkja frá Bæjarstjórn fór fram 23.2. 2017 í Nýheimum Var fjöldinn allur af gestum viðstaddur. Menningarmálanefnd lagði til eftirfarandi ráðstöfun á þeim 2.600.000 kr. sem hún hafði til ráðstöfunar til umsækjanda og var það staðfest.

Blús og rokklúbbur Hornafj.	245.000 kr.
Gleðigjafar	245.000 kr.
Hornfirska Skemmtifélagið	245.000 kr.
Karlakórinn Jökull	245.000 kr.
Kvennakór Hornafjarðar	245.000 kr.
Leikfélag Hornafjarðar	245.000 kr.
Lúðrasveit Hornafjarðar	195.000 kr.
Samkór Hornafjarðar	245.000 kr.
Krakkahólar	150.000 kr.
Nemendafélag FAS	150.000 kr. (Styrkur ekki nýttur)
Aron Martin Ágústsson	245.000 kr.
Aron Martin Ágústsson	250.000 kr.

Menningarverðlaun Hornafjarðar fyrir árið 2017 vour veitt við sama tækifæri og hlaut Sigurður Mar Halldórsson verðlaunin fyrir bókina og ljósmyndasýninguna Sögur.

4. Úthlutunarreglur

Úthlutunarreglur Menningarmálanefndar voru samþykktar 09.11.2017 og verður unnið þeim við úthlutun Styrkja Menningarmálanefndar hér eftir þar til annað er ákveðið.

Reglur um úthlutun styrkja Menningarmálanefndar eru eftirfarandi.

1. Auglýst er eftir umsóknum um verkefnastyrki í nóvember og er styrkjum úthlutað í febrúar ár hvert.
2. Umsóknir skulu berast á þar til gerðu umsóknareyðublaði sem vistað er á heimasíðu sveitarfélagsins <http://www.hornafjordur.is> undir stjórnsýsla. Henni skulu fylgja ársreikningar félagasamtaka og kostnaðaráætlun verkefnis.
3. Verkefnastyrkir eru veittir til einstaklinga, félaga og samtaka er vinna að verkefnum sem fallaundir fagsvið menningarmálanefndar.
4. Verkefnastyrkir eru veittir til ákveðinna skilgreindra verkefna.
5. Menningarmálanefnd lítur sérstaklega til þeirra sem sýna í umsókn sinni fram á að um verkefni er að ræða sem ekki hefur komið til framkvæmda áður í sýslunni.
6. Styrkir vegna einstakra viðburða eða verkefna skal ekki greiða út fyrr en að þeim loknum eða að fullu er fyrirséð að af þeim verði.
7. Menningarmálanefnd getur kallað ábyrgðarmann umsóknar á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur menningarmálanefnd falið forstöðumanni að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir og verkáætlun.

5. Stofnskrá

Stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar var samþykkt og undirrituð 17.10 2017 og mun hún gilda næstu 4 árin nema til breytinga komi innan Menningarmiðstöðvarinnar. Í henni kemur fram meðal annars í 2 gr. stofnskrár: **Stofnunin starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Stofnunin starfar eftir siðareglum ICOM og þeim reglum/viðmiðunum sem höfuðsöfn setja um starfsemi safna, varðveislu og meðferð muna.** Stofnunin starfar á grundvelli stefnu í menningar- og safnamálum Hornafjarðar 2016-2026 sem samþykkt var í Menningarmálanefnd Hornafjarðar 2016. Hlutverk Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er að halda uppi öfluggu menningarlífi í sveitarfélaginu fyrir alla aldurshópa. Einnig að styðja við frjáls félagasamtök sem vinna að menningarmálum. Af öðrum meginmarkmiðum sem koma fram í stefnumótun Sveitarfélagsins Hornafjarðar má nefna: Vinna að þróun samstarfs sveitarfélaga á Suðurlandi í menningarmálum. Efla áhuga ungs fólks á menningu og menningararfi, m.a. í samstarfi við skóla og vinnuskóla.

6. Söfnin

6.1 Héraðsskjalasafn Austur Skaftafellssýslu

Héraðsskjalasafnið starfar í samræmi við reglugerð um héraðsskjalasöfn og lög nr. 66/1985 og safnsvæði þess er Austur-Skaftafellssýsla. Héraðsskjalasafn er sjálfstætt starfandi skjalavörslustofnun sem lítur faglegu eftirliti Þjóðskjalasafns Íslands og annast söfnun, innheimtu og varðveislu skjala ásamt skrásetningu þeirra. Héraðsskjalasafn leitast við að gera safnkostinn aðgengilegan notendum. Eitt meginhlutverk Héraðsskjalasafns er að varðveita og efla þekkingu á sögu héraðsins. Í safninu skal starfrækt ljósmyndadeild.

Héraðsskjalasafnið safnar og varðveitir skjalasöfn þeirra embætta og stofnana sem heyra undir safnsvæðið. Héraðsskjalasafn skal leita eftir því að fá til varðveislu skjöl frá einstaklingum, félögum og fyrirtækjum á safnsvæðinu. Safninu er ekki skylt að taka við gjöfum ef kvaðir fylgja.

Héraðsskjalasafnið starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar Samkvæmt stofnskrá skal Héraðsskjalasafn Austur Skaftafellssýslu safna heimildum um líf og störf Austur-Skaftafellinga, vinna úr þeim gögnum, flokka þau og skrá og gera þannig aðgengileg fyrir almenning eftir því sem efni standa til. Í safninu skal starfrækja ljósmyndadeild. Einnig að standa fyrir sýningum og útgáfu.

6.1.1 Nú þarf að spyrna í bakkann

Ný lög um opinber skjalasöfn nr. 77/2014 voru samþykkt á Alþingi vorið 2014.

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu ásamt öðrum opinberum skjalasöfnum fellur undir þessi lög. Markmið þeirra er að tryggja myndun, vörslu og örugga meðferð opinberra skjala með réttindi borgaranna, hag stjórnsýslunnar og varðveislu sögu íslensku þjóðarinnar að leiðarljósi. Nýju lögin stuðla að því að þessi markmið náist m.a. með auknu eftirliti og vandvirkni í skjalavörslu sveitarfélaganna sem og annarra opinberra aðila. Í hinum nýju lögum segir að héraðsskjalasöfn séu sjálfstæð opinber skjalasöfn með eftirlitsskyldu gagnvart þeim aðilum sem þangað eru skilaskyldir en í fyrri lögum var sjálfstæði þeirra grundvallað á reglugerð og eftirlitshlutverkið framselt af Þjóðskjalasafni Íslands. Nýmæli er í þessum

lögum að sett eru inn refsíákvæði vegna brota á þeim, svo sem ef skjalavarsla opinberra aðila eða forstöðumanna stofnana er ekki í lagi. Gildistaka laganna og væntanleg reglugerð á grundvelli þeirra mun hafa margvísleg áhrif á starfsemi héraðsskjalasafna og skilaskyldra aðila innan sveitarfélaganna. Í ljósi þessa telur skjalavörður Héraðsskjalasafns Austur-Skaftafellssýslu að tímabært sé að endurskoða það fyrirkomulag sem nú er með rekstri safnsins og gæta þess að fara að lögum við rekstur þess. Framundan eru stór og krefjandi verkefni tengd eftirlitsmálum, rafrænni varðveislu á skjölum, miðlun, þökkun, frágangi og skráningu á skjölum sveitarfélagsins og vonandi að bæjarstjórnarmenn og starfsmenn sveitarfélagsins séu meðvitaðri en áður um mikilvægi þess að skjalahald sé í föstum skorðum og því sinnt af bæði samviskusemi og nákvæmni.

6.1.2 Starfsemi

Starfsemi Héraðsskjalasafnsins hefur verið með hefðbundnum hætti en safnastefna þess markast fyrst og fremst af lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og reglugerð um héraðsskjalasöfn nr. 283/1994. Unnið er að nýrri reglugerð og verður fróðlegt að sjá hvað hún felur í sér.

6.1.3 Skjalavistunaráætlun

Skjalavörður sat í verkefnahóp ásamt Bryndísi Bjarnarson, upplýsinga- og umhverfisfulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar og Ölfu Kristjánsdóttur, ráðgjafa hjá Skipulagi og skjölum, við vinnu að nýrri skjalavistunaráætlun og gerð nýs málalykils fyrir Sveitarfélagið Hornafjörð. Er þetta í fyrsta skipti sem unnin er fyrir Sveitarfélagið en enn hefur ekki verið sótt formlega um samþykki skjalavistunaráætlunar til Héraðsskjalasafns. Þegar skjalavistunaráætlun hefur verið samþykkt má taka hana í notkun og byrja að vinna eftir henni.

6.1.4 Skráning

Unnið var að skráningu skjalasafna í forritið FileMaker en talsvert af eldri safnkosti hefur ekki verið skráð og ekki hefst undan að skrá þau skjöl sem berast jafn óðum. Byrjað var að halda aðfangaskrá á árinu en þrátt fyrir að lög og alþjóðlegir staðlar segi til um að það skuli vera gert hefur verið misbrestur á því í safninu. Þá eru engar greinagerðir til um skjalasöfnin og mikið verk framundan að bæta úr því. Eins og gefur að skilja er fljótlegt að leita í safni sem er vel skráð og skipulagt en mjög tímafrekt og stundum ógerlegt að leita í safni sem er illa skráð og sumt jafnvel algjörlega óskráð. Fyrirspurnir um upplýsingar úr safnkostinum berast með ýmsu móti, með símtölum, tölvupósti og í heimsóknnum. Mikilvægt er að koma skráningu safnsins í lag og gera skjalaskrár þess aðgengilegar á internetinu en til þess þarf safnið að hafa heimasíðu. Mikilvægur þáttur í starfi héraðsskjalasafns er að fara í eftirlitsheimsóknir til skilaskyldra aðila og fara í átaksverkefni til að fá afhend skjöl frá þeim og öðrum en allt frá upphafi hefur héraðsskjalasafnið tekið á móti skjölum frá einstaklingum, fyrirtækjum og félögum.

6.1.5 Langtímavarðveisla

Langtímavarðveisla rafrænna gagna á sveitarstjórnarstiginu er að sumu leyti á byrjunarreit. Starfsmenn héraðsskjalasafnanna hafa fjallað um ýmsa þætti langtímavarðveislur rafrænna gagna á ráðstefnum Félags héraðsskjalavarða á Íslandi á undanförunum árum, þar sem horft hefur verið til ýmissa tæknilegra þátta við gerð vörsluútgáfna, leitarbærni, aðgengi og kostnað. Enn hefur Sveitarfélagið Hornafjörður og stofnanir þess ekki óskað eftir því að fá að afhenda skjöl sín með rafrænum hætti á Héraðsskjalasafn. Þetta verkefni þarf að nálgast af skynsemi og nokkur héraðsskjalasöfn hafa haft með sér óformlegt samstarf varðandi langtímavörslu rafrænna gagna þar sem horft er til aðferðar sem Alþjóða skjalaráðið ICA notar. Samhliða þeim athugunum er nauðsynlegt að skilaskyldar stofnanir, í góðri samvinnu

við Héraðsskjalasafnið, ljúki allri forvinnu sem tengist gerð og samþykkt málalykla, skjalavistunaráætlana, verkferla o.s.frv. Eins og staðan er í dag er vinna við og með skjöl sveitarfélagsins að langstærstum hluta unnin í tölvu. Tryggja þarf að skráning og varsla sé með þeim hætti að einfalt sé að prenta skjölin út áður en þau eru afhent því Sveitarfélaginu Hornafirði er skylt skv. lögum að varðveita skjöl sín á pappír.

6.1.6 Næsta skref

Næsta skref er að halda áfram að fara yfir skjalamál stofnanna Sveitarfélagsins Hornafjarðar, gera skjalavistunaráætlanir og búa til málalykla fyrir allar stofnanir ásamt leiðbeiningum um notkun þeirra. Jafnframt þarf að fara yfir helstu atriði í skjalavörslu og með notkun á þessum hjálpartækjum skjalavörslunnar mun með tímanum þróast sérþekking hvernar stofnunar fyrir sig. Skjalavörður hefur umsjón með útgáfu Skaftfellings og er vinna við útgáfu 23. árgangs langt komin og stefnt að prentun og útgáfu snemma árs 2018 en ritið kom síðast út árið 2014.

6.1.7 Húsnæði og stöðugildi

Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu er staðsett í Menningarmiðstöð Hornafjarðar í Nýheimum, Litlubrú 2, á 1. hæð. Ein lokuð og læst skjalageymsla er í húsnæðinu, vinnurými skjalavarðar er í opnu rými ásamt þremur öðrum starfsmönnum MMH og hefur skjalavörður eitt skrifborð til umráða. Skjalageymsla er að verða full en þar þarf að taka til og fjarlægja muni sem ekki eiga að vera þar inni, frumpakka og endurpakka talsverðu magni af skjölum og koma upp skúffum fyrir kort og þannig gæti losnað pláss fyrir skjöl sem afhend verða á næstu 2-3 árum. Engin vinnuaðstaða er til að taka á móti stærri afhendingum skjala og vinnuaðstaða við pökkun og skráningu takmarkast við skrifborð skjalavarðar. Ekki er mögulegt fyrir skjalavörð að vinna með trúnaðargögn án þess að þau liggi fyrir allra augum. Enginn héraðsskjalavörður er starfandi við Héraðsskjalasafn Austur-Skaftafellssýslu, núverandi starfsmaður í 100% stöðu skjalavarðar tók við starfinu í janúar. Skjalavörður sinnir daglegum rekstri héraðsskjalasafnsins og sinnir skyldum héraðsskjalavarðar. Lessalur fyrir gesti safnsins er enginn og ekkert pláss til þess að gestir geti fengið að skoða skjöl inni á vinnurými Menningarmiðstöðvar. Gestir fá að setjast við borð frammi í Bókasafni með skjöl skjalasafnsins.

6.1.8 Námskeið og fundir

Skjalavörður skilaði lokaverkefni til BA prófs í íslensku við Háskóla Íslands og lauk einnig námskeiðinu Upplýsinga- og skjalastjórn hjá skipulagsdeildum, við sama skóla. Skjalavörður sat ýmsa fundi og ráðstefnur á árinu og eru þeir helstu taldir upp hér:

- 27. og 28. mars. Fundur opinbera skjalasafna í Þjóðskjalasafni Íslands.
- 28. mars. Auka aðalfundur Félags Héraðsskjalavarða í Borgarskjalasafni.
- 23. maí. Símafundur með Félagi Héraðsskjalavarða. Farið yfir athugasemdir við tillögur að nýrri reglugerð
- 31. maí. Fundur í Ráðhúsi Sveitarfélagsins Hornafjarðar vegna skjalamála, stofnaður verkefnahópur vegna vinnu við nýja skjalavistunaráætlun og málalykil.
- 31. maí. Símafundur með Þorsteini Tryggva Mássyni, Héraðsskjalaverði Héraðsskjalasafns Árnesinga.
- 22. júní. Símafundur með Héraðsskjalavörðum vegna athugasemda við reglugerð.
- 23. júní. Símafundur með Héraðsskjalavörðum vegna athugasemda við reglugerð.
- 29. – 30. ágúst. Ráðstefna Samnorðna skjalasafna í Reykjavík.
- 5. – 6. október. Ráðstefna Félags Héraðsskjalavarða að Laugum í Sælingsdal.
- 5. október. Aðalfundur Félags Héraðsskjalavarða að Laugum í Sælingsdal.

6.1.9 Afhendingar

Afhendingar á árinu 2017 voru 13 og eru um 14 hillumetrar. Stærsta afhendingin var frá Sveitarfélaginu Hornafirði um 12 hm, en í því skjalasafni er að finna gögn sem skiptast niður á þrjú mismunandi tímabil í skjalavörslu sveitarfélagsins auk smáræðis af skjölum frá Bæjar-, Mýra-, Borgarhafnar- og Hofshreppi. Öll skjöl sem berast héraðsskjalasafninu eru nú skráð í afhendingaskrá samkvæmt lögum um opinber skjalasöfn og alþjóðlegum stöðlum. Ítarleg geymsluskra er skráð í FileMaker gagnagrunn.

6.2 Svavarssafn

6.2.1 Svavarssafn

Samkvæmt stofnskrá skal Svavarssafn safna listaverkum eftir íslenska listamenn með sérstakri áherslu á skaftfellska list. Jafnframt að skrá og halda til haga upplýsingum um listaverk í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess. Skal safnið vinna að því að listaverk séu að staðaldri til sýnis í sem flestum þessara stofnana auk þess að efna til sérstakra sýninga. Safneign er grunnforsenda þess að safn geti starfað. Kjarni safneignar Listasafns samanstendur af verkum Svavars Guðnasonar og annarra hornfirskra málara. Listasafnið skal kappkosta að kynna starfsemi sína fyrir sem flestum og vera til þess búð að þjóna gestum sínum sem best. Sýningar safnsins eiga að auka aðgengi og áhuga almennings að listum. Safnið starfar eftir gildandi lögum um starfsemi safna, safnalögum, lögum um skil á menningarverðmætum og þjóðminjalögum. Stofnunin starfar eftir siðareglum ICOM.

6.2.2 Safneign

Um 520 verk eru nú í eigu sveitarfélagsins og stofnana þess.

6.2.3 Sýningar

Aðalsalur:

- ☐ Sögur- Sigurður Mar
- ☐ Nágranni minn jökull
- ☐ Leit að postulíni- í tilefni af þeirri sýningu var fyrirlestur í Nýheimum.

Fremri salur:

- ☐ Kortlagning jökla og endurgerð ljósmynda á SA- land
- ☐ Sögur úr hirslum

6.2.4 Listasmiðjur

Litrík listasmiðja var á humarhátíð í sumar og sóttu börn og fullorðnir smiðjuna vel. Barnastarf Svavarssafns var fyrsta listasmiðjan af fimm í tengslum við sýningar var haldin í desember. Fyrirhugaðar eru 4 aðrar til viðbótar bæði tengdar Svavari Guðnasyni og sýningum. Verkefnið var styrkt af SASS verður þeim styrk gert skil í næstu ársskýrslu.

6.2.5 Tónleikar

Safnið hélt síðan fyrstu tónleika með raftvíeykinu Algrími á fæðingardeggi Svavars Guðnasonar 18. Nóvember. Algrími samdi raftónverk innblásið af orðum og verkum Svavars.

6.2.6 Safngestatalning

Safngestatalning stóð yfir í sumar á sýningunni Nágranni minn jökull. Í kjölfarið var settur upp nýr safngestateljari þegar sýningin Leit að postulíni var sett upp og er ætlað að taka saman tölur eftir hverja sýningu í aðalsal fyrir sig. Niðurstöður eru í viðauka I

6.2.7 Skráning Bjarni Henriksson

Skráning hófst á verkum eftir Bjarna Henriksson. Um 80 myndir komu inn í þeirri skráningu og heldur sú vinna áfram á næsta ári en vorsýning safnsins er á myndum eftir hann.

Meningarmiðstöðin hlaut úthlutun styrkja árið 2017 fyrir verkefni Barnastarf, Algrími og Samtal þeirra verður einnig getið í Ársskýrslu 2018 og er þeim gerð betri skil í kafla 10.

6.3 Bókasafn

Bókasafn starfar í samræmi við lög um almenningubókasöfn nr. 36/1997. Hlutverk þess er að jafna aðgang íbúa og gesta sveitarfélagsins að upplýsingum, þekkingu og afþreyingu. Þjónusta safnsins skal ná til allra án tillits til aldurs, kyns, kynþáttar, stjórnmálaskoðana, trúar, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu. Safninu er ekki skylt að taka við gjöfum ef kvaðir fylgja. Samkvæmt stofnskrá skal Bókasafnið veita alla almenna bókasafnsþjónustu og vera miðstöð upplýsingamiðlunar og fræðslu meðal almennings og nemenda á öllum skólastigum. Bókasafnið starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

6.3.1 Námskeið

Bókavörður fór á námskeið hjá Landskerfi bókasafna í febrúar 2017, námskeiðið var innleiðing á Rafbókasafni þar sem öll stærri bókasöfn á landinu eru þátttakendur og geta allir 18 ára og eldri gerst meðlimir þar og fengið rafbækur að láni rétt eins og venjulegar bækur í Bókasafninu.

6.3.2 leitir.is

Nýr leitarvefur leit dagsins ljós 2016 og tók við af þeim eldri í ársbyrjun 2017 og ber hann nafnið leitir.is og er hann í sífelldri uppfærslu sem er mikill hægðarauki fyrir alla notendur.

6.3.3 Skráning

Nýjar skráningareglur (RDA) voru kynntar til sögunnar og bókavörður var þar og hefur síðan unnið samkvæmt þeim og er langt kominn með að samræma strikamerkin á bókakostinum.

6.3.4 Útlán

Útlán á bókasafninu voru 6680 eintök og drógust lítið eitt saman miðað við árið á undan, en mikið er samt um að fólk komi og lesi dagblöðin og fletti tímaritum en fái ekki neitt að láni. Vinsælasti höfundurinn á safninu er Guðrún frá Lundi og hefur hún verið það um áraraðir, útlán á tónlist á geisladiskum jókst umtalsvert og einnig á hljóðbókum.

6.3.5 Viðburðir

Aðventuhátíðin gekk vel og vakti Jólaskreyting safnsins mikla athygli og höfðu sumir á orði að þetta væri flottasta jólaskreyting á bókasafni að minnsta kosti hér á landi.

Miðvikudagskvöldið 29. Nóvember 2017 var haldin hin árlega Jólabókakynning í Nýheimum þar voru kynntar eftirfarandi bækur:

- ☐ Elín, ýmislegt, höfundur Kristín Eiríksdóttir.
- ☐ Saga Ástu, höfundur Jón Kalman Stefánsson.
- ☐ Orlandó, höfundur Virginia Woolf, þýðandi Soffía Auður Birgisdóttir.
- ☐ Refurinn, höfundur Sólveig Pálsdóttir.

Á kynninguna mættu um 40 mans og tókst kynningin mjög vel.

Þá er sögulestur á laugardögum yfir vetrartímann fyrir börnin og þá mætri þó nokkur hópur barna starfið.

6.4 Byggðasafn

Byggðasafns skal safna og sýna þverskurð af mannlífi í Austur-Skaftafellssýslu. Áhersla er lögð á skaftfellskt efni og þá þætti sem einkennt hafa þetta byggðarlag eða gert aðstæður þess frábrugðnar aðstæðum annarra byggðarlaga. Samkvæmt stofnskrá skal Byggðasafn safna þjóðlegum menningarverðmætum er snerta sögu atvinnuhátta og byggðaþróunar almennt á starfssvæði þess. Jafnframt að skrá muni og fornminjar og halda til haga upplýsingum um eldri byggingar í sýslunni. Byggðasafn starfar eftir gildandi stofnskrá Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar.

6.4.1 Námskeið starfsmanns

Undir lok ársins 2016 tók til starfa nýr safnvörður á Byggða- og náttúrugripasafni Austur-Skaftafellssýslu. Af þessum sökum hefur hinn nýi safnvörður verið duglegur að sækja sér þekkingu til kollega, bæði til Reykjavíkur og víðar um landið.

Tvenn námskeið hafa verið sótt til Reykjavíkur til þess að læra á upplýsingarkerfið Sarp.

Fyrri námskeiðið var grunnnámskeið sem haldið var í september og hið seinna skráningarnámskeið sem var í október. Einnig var farið í óformlega heimsókn á Þjóðminjasafnið í apríl, þar sem safnvörður fékk að líta inn í geymslur Þjóðminjasafns, undir handleiðslu varðveislustjóra Þjóðminjasafnsins, henni Nathalie Jacqueminet og fræddist einnig um safnakistur Þjóðminjasafnsins með Önnu Leif safnkennara, sem var liður í undirbúningi Byggðasafnsins á okkar eigin safnakistu verkefni. Einnig var farið í fræðsluferð um austurland, á vegum Samtaka um söguferðabjónustu. Að lokum er rétt að nefna að safnvörður Byggðasafnsins fór á Vorfund Menningarminjasafna í varðveislu- og rannsóknarsetri Þjóðminjasafnsins, sem var undir yfirskriftinni Samtal við samfélagið og í september var haldið til Siglufjarðar á Farskóla safnamanna.

6.4.2 Sýningar

Sýningar á vegum safnsins eru tvær, það eru Skreiðarskemman og Verbúðin, þessar sýningar eru opnar daglega í júní, júlí og ágúst og hefur starfsfólk Gestastofu Vatnajökulspjóðgarðs í Gömlubúð hjálpað okkur að opna og loka sýningunum okkar á opnunartíma Gömlubúðar Skreiðarskemman sýning Byggðasafnsins og Verbúðin voru opnar almenningi og enginn aðgöngukostnaður var á sýningar Menningarmiðstöðvarinnar.

6.4.3 Gestafjöldi

Snemma sumars urðum við fyrir því tjóni að teljararnir sem voru notaðir árið 2016 til að telja gesti sýninganna í Skreiðarskemmunni og Verbúðinni skemmdust svo við eigum ekki tölur yfir fjölda gesta á sýningarnar okkar fyrir árið 2017. En árið 2016, voru 9092 taldir í Skreiðarskemmu og 1025 taldir í Verbúðinni, ef við reiknum með því að flestir hafi verið taldir tvisvar, einu sinni á leiðinni út og einu sinni á leiðinni inn, voru gestirnir 4546 og 513. Svo virðist sem að ferðamönnum á svæðinu hafi fækkað í sumar, á sumarmánuðunum var meðaltalið í Gömlubúð um 16% fækkun frá fyrra ári, af því mætti álykta að gestum á sýningarnar okkar hafi fækkað að sama skapi og mætti því áætla að gestir Skreiðarskemunnar árið 2017 væru 3819 og Verbúðarinnar 861.

6.4.4 Verkefni

Af verkefnum Byggða- og náttúrugripasafns, ber mest á skráningunni sem liggur fyrir höndum. Samtals hafa verið skráðir 879 gripir í Sarp, og þar af voru 150 gripir skráðir árið 2017. Enn er þó langt í að sjá fyrir endann á grunnskráningu gripanna okkar, og er meira að segja erfitt að gera sér grein fyrir því hversu marga gripi safnið og hvað þessir 879 gripir séu því stór hluti af heildarfjölda gripa safnanna. Byggðasafninu bárust fjórir gripir að gjöf á árinu, en skráningu þeirra hefur ekki enn verið fulllokið. Þegar núverandi safnvörður tók við safninu, var svo komið að fiskar sem geymdir hafa verið í formalíni voru komnir í annarlegt ástand og var því haft samband við Hilmar J Malmquist, varðandi forvörslu náttúrugripa og hafa 19 gripir verið forvarðir, þar af er búið að skrá forvörslu 11 þeirra. En þegar einungis er einn starfsmaður á safni, fer tíminn eins og gefur að skilja oft í margt annað en skráninguna og má þar nefna önnur verkefni sem safnið hefur komið að á árinu. Þrjú viðtöl voru tekin við fyrrverandi safnvörð Gísla Arason, hann kom í tvær heimsóknir í geymslur safnsins að Álaleiru og ein ferð var farin með honum út á Mýrar að Þingaskálahólum. Þar sagði hann okkur sögur af örnefnum á svæðinu ásamt skemmtisögum af mannlífinu á Mýrunum fyrr á tímum. Búið er að rita upp viðtalið sem var tekið á Mýrunum, og aðra heimsóknina í Álaleiru, en miklar upplýsingar fengust um gripi safnsins bæði frá Gísla og eins og Birni Arnarsyni sem hjálpaði okkur í þessum heimsóknum. Einnig hefur safnvörður Byggðasafnsins unnið að verkefninu Safnakistur, en í því fellst að reyna að búa til litlar og handhægar kistur með munum, eða eftirmyndum muna sem hægt er að fara með í skóla, svo hægt sé að sinna fræðsluskyldu safna þrátt fyrir að hafa ekki gott safnahús, til að bjóða skólakópum í heimsókn til okkar. Við höfum verið í sambandi við Þjóðminjasafnið til að fræðast um safnakassana þeirra sjá (<http://www.thjodminjasafn.is/fyrir-gesti/skolahopar/safnkassar/>) en við myndum vilja halda áfram með þetta verkefni, á svipaðann hátt og ÞJMS en taka þó Hornafjörð og Austur-Skaftafellssýslu aðeins út fyrir sviga, og segja frá því hvað var frábrugðið hér, ef eitthvað og hvaða áhrif nálægðin við jökulinn hafði á líf fólks fyrr á öldum á þessu svæði. Einnig hefur farið tími í að klára vinnslu á skiltum sem hófst árið 2014, það sem eftir stendur er að klára prófarkalestur, og senda þau svo í prent svo hægt verði að setja upp fræðsluskilti með sögulegum fróðleiksmolum á og í kring um Höfn. Á sumrin fer ávallt mikill tími í barnastarfið, sem safnvörður Byggðasafnsins tók þátt í ásamt öðrum starfsmönnum Menningarmiðstöðvarinnar. Einnig hefur þó svolítill tími safnvarðar farið í almenn tölvumál, bæði vinnu við heimasíðuna hornafjordur.is og eins önnur tilfallandi verkefni, sem hvert um sig er of lítið til að telja upp hér en safnast þegar saman kemur. Einnig má nefna að Byggðasafnið tók þátt í postulínssýningu Listasafnsins í haust.

6.4.5 Aðstaða

Nú er svo komið að geymslumálin virðast vera í ágætum farvegi, en aðstaðan í Álaleiru er einstaklega góð að mér skilst með þeim betri á landsvísu. Svo ég tali nú ekki um ef öll plön ganga upp, og við fáum salinn sem MATÍS hefur yfir að ráða í dag, að þá verðum við virkilega vel sett. Enn sem komið er eigum við eitthvað að tækjum og bílum í Hoffelli og bíl og báta sem geymdir eru í skemmu hjá Skinney Þinganes, en ef þetta rúmast allt í Álaleirunni verður allt okkar safn komið undir eitt þak. Þegar hita- og rakamælar verða komnir í gagnið og þjófavarnar- og brunakerfi komin á hreint, getum við lítið kvartað yfir geymsluaðstöðu. Öðru máli gegnir þó með sýningarnar okkar, en húsnæðið sem hýsir Skreiðarskemmuna er virkilega illa farið, og liggja þar gripir undir skemmdum. Í haust var farið með uppstoppuð dýr úr rakanum í Skreiðarskemmunnar fyrir veturinn, og á eftir að fá faglegt álit á því hvort

þeim sé viðbjargandi, en sum eru held ég því miður bara alveg ónýtt. Spurning er hvort megi hugsa sýninguna upp á nýtt með það fyrir sjónum í hvaða ástandi húsið er, og hvaða gripir þoli vatn og vinda. Eða fara í stórfelldar lagfæringar á húsinu til að vernda safnkostinn. Ástand Verbúðarinnar er þó skárri, en spurning er þó eftir að hiti var stórlega minnkaður í Miklagarði, hvernig kuldinn fer í sýninguna, en hún er þó að stærri hluta úr leikmunum heldur en safngripum og því kannski frekar möguleiki á að skipta út gripum sem skemmast, ef þeir skemmast.



Ljósmyndastúdíó Byggðasafnsins er til staðar í geymslum safnsins.

6.5 Rannsóknarsvið

6.5.1 Fornleifaskráning

Á árinu var unnið að 14 verkefnum fyrir skipulagssvið sveitarfélagsins er öll varða skráningu fornminja innan deiliskipulagsreita samkvæmt skipulagstillögum. Alls bárust 10 beiðnir frá skipulagsstjóra frá janúar - desember en að auki var lokið vinnu við fjórar úttektir sem framkvæmdar voru í desember 2016. Fjöldi skýrsla sem skilað var til skipulagssviðs SVH og Minjastofnunar Íslands eru því samtals fjórtán ásamt viðeigandi gagnasafni úr landupplýsingakerfi (gis-gögn). Samtals voru 50 fornminjar skráðar og hnitsettar, þar af 38 mældar upp nákvæmlega með Trimble GeoXH gps alstöð. Einu verkefni tóks ekki að ljúka fyrir árslok. Haldið var áfram að heildarskráningu fyrir jarðirnar Fell í Örafum og Meðalfell í Nesjum, en skráning minja inna þeirra jarða hófst 2015 og stefnt er að ljúka skráningu á nýju ári. Samhliða minjaskráningu hefur rannsóknarsvið sinnt aðstoð við ýmiss verkefni sem tilheyra öðrum deildum stofnunarinnar, s.s. bókasafni, barnastarfi og listasafni.

6.5.2 Sundurliðun verkefna

Deiliskráning á reit S3 (samfélagsþjónusta) austan Víkurbrautar, vegna breytingar á deiliskipulagi. Vettvangsvinna í desember 2016, skýrslu skilað í janúar 2017. Engar þekktar né sjáanlegar minjar eru innan skipulagsreits. □

Deiliskráning við Júllatún vegna breytingar á deiliskipulagi. Vettvangsvinna í desember 2016, skýrsluskil í janúar 2017. Engar þekktar né sjáanlegar minjar eru innan skipulagsreits. □

Deiliskráning við Fjárhúsvík vegna deiliskipulags fyrir motocross-svæði. Vettvangsvinna í desember 2016, skýrsluskil í janúar 2017. Samtals skráðar og uppmældar fjórar fornminjar. □

□ *Deiliskráning við Malarás* í Örafum. Vettvangsvinna og skýrsluskil í janúar 2017. Samtals fimm fornminjar skráðar og uppmældar.

□ *Deiliskráning við Grjótbrú* í landi Hóla, deiliskipulag fyrir skotæfingasvæði. Vettvangsvinna í desember 2016, skýrslu skilað í febrúar 2017. Þrjár fornminjar skráðar og uppmældar.

□ *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Hvamm í Lóni*. Vettvangsvinna og skýrsla í febrúar. Tvær fornminjar skráðar, þar af ein uppmæld. □

Deiliskráning í landi Suðurhúsa í Borgarhöfn. Vettvangsvinna hófst í mars 2017, skýrsla er í vinnslu. Samtals hafa 19 fornminjar verið mældar upp. Skráningu er ekki lokið en stefnt er að heildarskrá jörðina Borgarhöfn á komandi ári. □

Minjakönnun á Brunnhól á Mýrum. Vettvangsvinna og skýrsla í mars 2017. Þrjár fornminjar skráðar samkvæmt heimildum. □

Deiliskráning við Svínhóla í Lóni vegna breytingar á deiliskipulagi. Vettvangsvinna og skýrsluskil í apríl. Engar þekktar né sjáanlegar fornminjar skráðar innan deiliskipulagsreits.

□ *Fornleifaskráning vegna deiliskipulags við Sel II í landi Svínafells* í Örafum. Vettvangsvinna og úrvinnsla í júní 2017. Skráðar og mældar voru fimm fornminjar.

□ *Deiliskráning við Hálsasker í landi Svínafells* í Örafum. Vettvangsvinna og úrvinnsla í júní 2017. Skráð var ein fornleif. □

Minjakönnun í landi Hnappavalla vegna tengivirkis Rarik. Vettvangsvinna og skýrslugerð fór fram í júlí. Samtals 4 minjastaðir skráðir og mældir. □

Deiliskráning vegna deiliskipulags við Skjólshóla í landi Dilksness. Vettvangsvinna og skýrsla í desember 2017. Einn minjastaður skráður og uppmældur. □

Brunnhóll á Mýrum, viðbót við deiliskráningu frá mars. Vettvangs- og skýrsluvinna í desember 2017. Tvær fornminjar skráðar

7. Menningartengd verkefni

7.1 Samvinnuverk

Verkefni Menningarmiðstöð Hornafjarðar voru mismunandi síðastliðið ár og hefur miðstöðin verið að vinna að árlegum verkum ásamt skammtímaverkefnum. Listasýningar, fyrirlestrar, barnastarf og ráðstefnur svo eitthvað sé nefnt. Þá eru þessi verkefni samvinnuverkefni starfsmanna Menningarmiðstöðvarinnar.

7.1.1 Skaftfellingur

Skaftfellingur var ekki gefin út árið 2017 en unnið var að greinum og efnistökum mest allt árið og mun Skaftfellingur vera gefin út árið 2018.

7.1.2 Barnastarf

Menningarmiðstöð Hornafjarðar heldur úti Barnastarfi yfir sumartíman þar sem börnum er boðið í fræðsluferðir um sveitna og er náttúra og umhverfi skoðað 1 sinni í viku.

- 13.6 Fuglaskoðun í Óslandinu
- 20.6 Mikley
- 27.6 Heimsókn á Brunnhól
- 4.7 Fjörufurð
- 11.7 Heimsókn í Vöruhúsið
- 18.7 Lúruveiðar
- 25.7 Heitir pottar í Hoffelli
- 1.8 Skoðunarferð um þjóðgarðinn
- 8.8 Veiðiferð
- 15.8 Óvissuferð

Ferðirnar tókust allar mjög vel og vorum við mjög heppin með veður í sumar. Börnin stóðu sig öll með þrýði og hafa greinilega áhuga á umhverfi sínu.

Við skoðuðum nærumhverfið og fræddumst um náttúruna, fórum í bátsferð út í Mikley, veiðiferð í Þveitina, slökuðum á í pottunum í Hoffelli og heimsóttum Brunnhól þar sem við skoðuðum fjósið og brögðuðum á heimagerðum ís. Björn G. Arnarsson sagði snilldarlega frá fuglum og lífsháttum þeirra í Óslandinu og Helga Árnadóttir kenndi okkur um plönturnar þar í kring, saman tókst þeim að gera alla mjög áhugasama. Steinunn Hödd starfsmaður Vatnajökulsþjóðgarðs fór með okkur í ferð um þjóðgarðinn og sýndi áhugasömum börnum lífríkið í nágrenni Hoffellsjökul. Lúruveiðin með Jóni Þorbirni var vinsæl að vanda og voru farnar 2 ferðir þann daginn. Ágætis afli var í báðum ferðunum. Óvissuferðin tókst mjög vel þar sem farið var áleiðis að Heinabergi og gengið að brúnni sem byggð var yfir Heinabergsvötn á sínum tíma, en eins og flestir vita færði áin sig fljótlega og stendur brúin því enn yfir þurri jörð. Þegar þar var komið voru grillaðar pylsur og sykurpúðar, og náttúra og útiveru notið í góðu veðri.

Sérstakar þakkir fá: Fallastakkur ehf., Björn Arnarson, Helga Árnadóttir, Bryndís Hólmarsdóttir Steinunn Hödd Harðardóttir, Jón Þorbjörn Ágústsson, Guðlaug Elísabet Ólafsdóttir, starfsmenn Hafnarinnar og bílstjórar.

7.1.3 Föstudagshádeggi

Föstudagshádeggi voru tekin upp að nýju og voru veitingahúsum í Sveitarfélaginu send erindi með ósk um samstarf og tóku flest þeirra vel í erindið og stóðu sig með þryði. Haldin voru tíu föstudagshádeggi og voru fengnir fyrirlesarar sem ræddu hin ýmsu mál að meðaltali voru um 30 mans mættir til hádegisverðar til að hlýða á fyrirlesara.

7.1.4 Höfn 120 ára

Menningarmiðstöð Hornafjarðar tók þátt í humarhátíðinni árið 2017.

Árið 2017 átti Höfn 120 ára afmæli og var ákveðið að samtvinna Humarhátíð við hátíðarhöld sveitarfélagsins. Lagður var styrkur fram af bæjarráði 500.000 krónur og var þeim peningum ráðstafað í nokkur verkefni. Fjölnota taupoka og höfuðbönd prentuð „Höfn 120 ára“ og var varningnum útdelt á hátíðarsvæðinu og í pokastöðina sem staðsett er í Nettó. Hulda Laxdal leiddi þátttakendur um sögu svið upphafs sveitarfélagsins og var farið yfir brot úr sögu Hafnar. Föndrað var í listasalum í Svavarssafni. Þemað var litríkt með áherslu á appelsínugult. Foreldrar og börnum var boðið að vinna saman í að föndra t.d. humarklær, blóm, grímur, furðuverur og fugla. Hanna Dís Whitehead safnvörður og hönnuður leiddi smíðjuna. Afraksturinn var hengd upp jafnóðum í glugganum í Ástustofu og stóð þar út vikuna. Skipulagt var að hafa „miðbæjarsvæði“ götustemmingu, off venues og út frá því spratt gestatjald sem vakti mikla lukku. Sölubásar voru settir upp miðsvæðis og boðnir endurgjaldslaust fyrir einstaklinga og félagasamtök. Þar var söluvarningur af ýmsum toga, hoppukastalar, kúadella, safnaðist fólk saman þar og átti góðan dag.

Gekk þetta verkefni Nefndarinnar eins og í sögu og ánægjuraddir heyrðust hvarvetna.

Kostnaður:

Pokar og buff - 475.863

Auglýsingar -49.600

Föndurhlutir -10.000

Styrkir +45.000

Bæjarráð +500.000

7.1.5 Aðventuhátíð sveitarfélagsins

Aðventuhátíð sveitarfélagsins var haldin hátíðleg með tendrun jólaljósa á jólatréi bæjarins 2. Desember, jólasveinar litu í heimsókn, föndrað var með börnunum, jólamarkaði skellt upp og fengu listamenn að láta ljós sitt skína. Góð þátttaka var á hátíðinni og mikið að af heimamönnum lögðu leið sína á jólamarkað og á hátíðina. Var bókasafninu breytt í lítið jólaland þar sem börnin gátu leikið sér föndrað og hitt á jólasveinanna.

7.1.6 Skref til framtíðar

Ráðstefnan Skref til framtíðar val haldin 29.3. og voru umræður um byggingu safnahúss á Höfn umræðuefnið.

Upplifun, fegurð, afþreying og þjónusta!

Á Höfn er góða þjónusta að fá hvort sem það er í einkageiranum eða af hinu opinbera. Fegurðina má sjá á hverju horni hér í bæ og er það ekki vilji hvers íbúa að gera bæinn aðlaðandi fyrir fólk að heimsækja og eiga góðar stundir?

Útsýnið á heimsmælikvarða!

Ættum við ekki að einblína á þessa staðreynd og kynna betur? Útsýnið á Höfn er án efa með því fallegra sem fyrir finnst og skilur jafnt íslenskt og erlent ferðafólk eftir agndofa og hugfangið af jökla og náttúrusýn. Afþreyingin er aftur á móti af skornum skammti á Höfn og

Þörfin er tilfinningalega mikil fyrir safnahúsi og uppbyggingu safna og sýninga á Höfn, sem einblínir á fegurðina, náttúruna og söguna sem við höfum hér að geyma. Við höfum efnið, við höfum útsýnið en okkur vantar framkvæmdina. Ef afþreying er ekki til staðar í bænum fyrir ferðamanninn hvað hefur ferðamaðurinn að gera í bænum, hvað skilur hann eftir sig og hve löng er hans dvöl í bænum? Öll þjónusta nýtur góðs af lengdri dvöl ferðamannsins í bænum, veitingastaðir, hótél og heimagistingar, sundlaug og verslun og svo framvegis.

- ☐ Hvernig bregðumst við við, hvað bjóðum við ferðafólkinu uppá?
- ☐ Á að setja upp sýningu eða safn?
- ☐ Er stýrihópur svarið?
- ☐ Hver er framtíðarsýnin og hvert er verið að stefna?

Ræðumenn ráðstefnunar voru:

- ☐ Safnstjóri Byggðasafns Reykjanesbæjar, Sigrún Ásta Jónsdóttir.
- ☐ Framkvæmdastjóri Safnaráðs, Þóra Björk Ólafsdóttir.
- ☐ Forstöðumaður Eldheima, Kristín Jónsdóttir.
- ☐ Vatnajökulsþjóðgarður, Helga Árnadóttir, Aðstoðarmaður þjóðgarðsvarðar.
- ☐ Framkvæmdarstjóri Lava center, Ásbjörn Björgvinsson.
- ☐ Árdís Erna Halldórsdóttir, ferðamálafræðingur.

8. Starfsfólk

8.1 Stöður

Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt á Menningarmiðstöð Hornafjarðar og mikið var um mannabreytingar og ráðningar. Ráðin var í stöðu forstöðumans - Eyrún Helga Ævarsdóttir í 100% stöðu. Í stöðu Héraðskjalavarðar - Halldóra Jónsdóttir í 100% stöðu. Í stöðu Safnstjóra Svavarssafns - Hanna Dís Whitehead í 50% stöðu. Fyrir var starfandi Byggðasafnsvörður – Ósk Sigurjónsdóttir í 100% stöðu. Bókasafnsvörður - Guðný Svavarsdóttir í 100% stöðu og á rannsóknarsviði - Sigríður Guðný Björgvinsdóttir í 100% stöðu. Eru stöðugildi stofnunarinnar 5 og hálf.

9. Húsnæði

9.1 Aðstaða

Aðstaða Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar er ágæt þegar litið er til skrifstofupláss en geymsluaðstaða er ábótavön og þá er sama í hvaða horn er litið nema á byggðasafninu. Áætluð stækkun á geymsluplássi í Álaleiru verður góð og vel þeginn viðbót við geymslupláss Menningarmiðstöðvar Hornafjarðar. Öryggis, bruna og þjófavarnarkerfin þurfa að vera uppfærð. Einnig er þörf á raka og ljósmælum fyrir geymslur safnanna. Bráð vöntun er á sýningarhúsnæði fyrir sýningar Sjó-, Byggða- og Náttúrugripasafns og vöntun er á geymsluplássi fyrir skjala og bókasafn sveitarfélagsins.

Keyptar hafa verið 4 nýjar tölvur og skipt fyrir áður gamlar og hægar. Einnig hafa verið keyptir inn 4 skrifstofustólar og er starsfólk ánæggt með nýjungarnar.

10. Rekstur

10.1 Styrkir ársins

Úthlutaðir styrkir til Menningarmiðstöðvarinnar árið 2017

- ☐ SASS 3.600.000
- ☐ SASS sóknaráætlun 450.000
- ☐ EBÍ 350.000
- ☐ Safnaráð 700.000

Meningarmiðstöðin hlaut úthlutun styrkja frá SASS sóknaráætlun árið 2017 fyrir verkefnin:

- ☐ Samtal að upphæð 600.000. Sýning verður sett upp í Svavarssafni 2018
- ☐ Barnastarf Svavarssafns 150.000. Starfið hófst í desember og mun standa til mars.
- ☐ Afmælistónleikar Svavars Guðnasonar 150.000. Haldið var upp á afmæli Svavars í nóvember.

Verða Samtal og barnastarfsverkin útfærð 2018 og þeim gerð betri skil þá í þeirri Ársskýrslu.

10.2 Fjárhagur 2017

Fjárhagsáætlun 2017 er í viðauka II


Viðauki I

Svavarssafn sumar 2017


Safngestakönnun fór fram á Svavarssafni á tímabilinu 01.06.17-15.09.17 á meðan á sýningunni Nágranni minn jökull stóð. Könnunin var á íslensku og ensku og var í heildina séð ágæt þátttaka. 27 tóku þátt í íslensku könnunni. En 53 í þeirri ensku. Haka mátti við fleiri en eitt svar í flestum liðum.

Tilgangur þessarar könnunar var að fá betri sýn á hversvegna fólk heimsótti Svavarssafn, hvernig það fengi upplýsingar um það, hvaðan gestir eru og á hvaða aldri. Markmiðið er að gera slíkar kannanir á öllum sýningunum á safninu og bera saman í lok sýningarárs. Í kjölfarið er hægt að reyna gera úrbætur á því sem betur má fara og mæla árangurinn markvisst í könnunum.

Niðurstöðurnar ásamt smá samantekt eru hér að neðan.




Af þeim 27 gestum sem komu sem svöruðu íslensku könnunni höfðu 51,8 % komið áður en hjá 48.20 var þetta fyrsta heimsókn.




Af þeim 52 gestum sem komu sem svöruðu ensku könnunni höfðu 1,9 % komið áður en hjá 98,1 % var þetta fyrsta heimsókn.

Því næst var spurt hver ástæða þess var að gestir heimsóttu safnið. Langflestir Íslendingar voru almennt að koma á safnið en ekki til að skoða neina sérstaka sýningu. Einn viðburður var á safninu á tímabilinu en það var Litrík listasmiðja á Humarhátíð. Hún var vel sótt en á bilinu 60-70 manns komu á hana. Einhverjir koma greinilega á safnið einungis af áhuga á Svavari Guðnasyni.




Svipað var upp á teningunum hjá erlendum sýningargestum



Því næst var spurt hvar gestir hefðu fengið upplýsingar um Svavarssafnið.

Í íslensku könnuninni var það á þennan hátt:




Draga má þá ályktun af þessu að þér sem séu að fréttu af safninu hjá kunningjum, vinum og fjölskyldumeðlimum séu að fá meðmæli frá Hornfirðingum það eru um 33.3 %. Það er mjög ánægjulegt ef svo er.

Annar stór hópur svaraði því til að þeir væru ekki að koma í fyrsta sinn eða um 33.3 %.


Það að 33.3 % komi á safnið af hreinni tilviljun segir okkur að við getum unnið betur í markaðsmálum. Að kynna safnið út á við og bæta merkingar á því. Takmarkið er því að lækka þetta prósentuhlutfall.

Í ensku könnunni voru svörin eftirfarandi:




Ljóst er að meirihluti gesta eða 62.3 % Kom á safnið fyrir tilviljun. Það sýnir okkur að mikið svigrúm er til kynningar á safninu fyrir erlenda ferðamenn. Hér liggur mikið tækifæri til að kynna safnið sem hluta af menningartengdri ferðaþjónustu á svæðinu. Vinna við þetta er að einhverju leyti hafin með stofnun facebook síðu safnsins, endurbætum á trip adviser síðu og með því að setja safnið inn í google maps. Búið er að ræða við og fá samþykki Björns Imsland fyrir því að settir verða stafir með nafni safnsins á safnið, Hafnarbrautarmegin. Áfram verður unnið í þessu.

Því næst var spurt um hvar á landinu fólk byggði. Í íslensku könnunni skiptist það á þennan hátt en flestir eða 25.9 % komu frá Höfn. Næst flestir komu svo frá Reykjavík úr hverfunum 108 og 112.



Í ensku könnunni voru flestir sem svöruðu frá Bandaríkjunum þar á eftir Frakklandi og Ástralíu.



Þar á eftir kom síðasta spurningin er varðaði aldur. Flestir Íslendingarnir voru annaðhvort á aldrinum 60-69 ára eða 30-39 ára.

Hlutföllin skiptust svona:

Yngri en 18 ára 11.1 %

18-29 ára 11.1 %

30-39 ára 25.9 %

40-49 ára 3.7 %

50-59 ára 11.1 %

60-69 ára 33.3 %

Hjá erlendum ferðamönnum skiptist aldurinn upp á eftirfarandi hátt:

Yngri en 18 ára 3.8 %

18-29 ára 22.8 %

30-39 ára 13.2 %

40-49 ára 5.7 % %

50-59 ára 22.6 %

60-69 ára 15 %

70 + 11.3 %

Viðauki II

	LYKILL	TEXTI	Rekatur	Millifærsla	Samtala	ÁB
		MENNINGARMÁL				
		MENNINGARMÁLANEFD				
0501	1610	Nefndarlausn	875		875	ÓB
0501	1800	Launatengd gjöld	141		141	ÓB
0501	9990	Annar kostnaður	100		100	ÓB
	*	MENNINGARMÁLANEFD	1.116		1.116	
		Menningarmiðstöð Hornafjarðar				
0531	0340	Leigufélagur	-720		-720	EHÆ
0531	0510	Seldar vörur	-300		-300	EHÆ
0531	0511	Skaftfellingur sala				EHÆ
0531	0550	Seld þjónusta	-1.200		-1.200	EHÆ
0531	0570	Afnataggjöld	-200		-200	EHÆ
0531	0860	Styrkir	-4.000		-4.000	EHÆ
0531	0890	Aðrar tekjur				EHÆ
0531	1110	Mánaðarlaun	31.373		31.373	EHÆ
0531	1800	Launatengd gjöld	7.564		7.564	EHÆ
0531	1960	Kaffistofa	300		300	EHÆ
0531	1980	Annar starfsmannakostnaður				EHÆ
0531	2030	Húðing, bréfabindi og forvörslutengdar vörur	380		380	EHÆ
0531	2040	Ljósritunapappír	50		50	EHÆ
0531	2070	Blækur á bókastafr	2.000		2.000	EHÆ
0531	2080	Tóner	50		50	EHÆ
0531	2150	Vinnufatnaður	50		50	EHÆ
0531	2180	Hreinlætisvörur	30		30	EHÆ
0531	2531	Endursöluvörur	300		300	EHÆ
0531	4010	Prentun, fjórhúsljósritun	550		550	EHÆ
0531	4020	Áskrift af netþjónustu	1.700		1.700	EHÆ
0531	4030	Sími	600		600	EHÆ
0531	4050	Burtagjöld	150		150	EHÆ
0531	4070	Auglýsingar	250		250	EHÆ
0531	4080	Skaftfellingur prentun				EHÆ
0531	4120	Akstur og flutningar	160		160	EHÆ
0531	4180	Bílfélagstýrki				EHÆ
0531	4240	Fargjöld og dvalarkostnaður	300		300	EHÆ
0531	4270	Námskeið	150		150	EHÆ
0531	4340	Sérfræðþjónusta	200		200	EHÆ
0531	4381	Fornleifar og forvarsla	250		250	EHÆ
0531	4390	Tölvuþjónusta	1.000		1.000	EHÆ
0531	4430	Reiknuð hlásaleiga m.v. reglur bókhaldsn.		10.910	10.910	EHÆ
0531	4450	Vélaþvinnu áhaldshús	15		15	EHÆ
0531	4510	Rafmagnshúsi	1.300		1.300	EHÆ
0531	4610	Vöðald lóðar	100		100	EHÆ
0531	4620	Vöðald húsa	100		100	EHÆ
0531	4660	Vöðald áhaldia og trækja	100		100	EHÆ
0531	4700	Vátryggingar	155		155	EHÆ
0531	4780	Tryggingar á bílum	50		50	EHÆ
0531	4960	Þvotur og hreinsun efna	80		80	EHÆ
0531	4990	Aðkeypt vinna og þjónusta	300		300	EHÆ
0531	6130	Daglaunavinna	50		50	EHÆ
0531	6620	Þátttaka í rekstri Nýheima	2.600		2.600	EHÆ
0531	9990	Annar kostnaður	850		850	EHÆ
0531	8510	Áhöld, lektæki og kennslutæki	300		300	EHÆ
	*	Menningarmiðstöð Hornafjarðar	45.987	10.910	57.897	
		LISTIR OG SÝNINGAR				
0551	9250	Sýninga- og hönnuðskreiðarskipti taldustein og fl	2.000		2.000	EHÆ
	*	LISTIR OG SÝNINGAR	2.000		2.000	
		HÁTÍÐAHÖLD				
0570	4990	Aðkeypt þjónusta	4.000		4.000	ÓB
	*	HÁTÍÐAHÖLD	4.000		4.000	
		LISTIR OG ÝMSIR STYRKIR				
0581	9250	Styrkir til menningarmála	2.600		2.600	EHÆ
	*	LISTIR OG ÝMSIR STYRKIR	2.600		2.600	
	5	MENNINGARMÁL	56.703	10.910	67.613	